



Reykjavíkurborg  
mannréttindaskrifstofa

Reykjavík, 30. ágúst 2018  
R18080194  
1370  
AK/EP

Forsætisnefnd

***Umsögn öldungaráðs Reykjavíkurborgar um drög að samþykktum öldungaráðs  
Reykjavíkurborgar***

Á fundi öldungaráðs Reykjavíkurborgar þann 23. ágúst sl. voru lögð fram drög að samþykktum öldungaráðs með breytingum forsætisnefndar. Meðfylgjandi er umsögn ráðsins.

Virðingarfyllst

Anna Kristinsdóttir  
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

## Umsögn öldungaráðs Reykjavíkurborgar um samþykktir öldungaráðs.

Öldungaráð leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á verkssviði ráðsins.

### *Verksvið*

2. gr.

Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga 125/1999 um málefni aldraða.

Öldungaráðið skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri.

Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess.

Öldungaráð leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á skipan ráðsins.

### *Skipan*

5. gr.

Öldungaráðið er skipað níu fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Félag eldri borgara tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Samtök aldraðra tilnefna einn fulltrúa og einn til vara, Korpúlfar tilnefna einn fulltrúa og einn til vara auk þess sem heilsugæslan tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Borgarstjórn kýs formann ráðsins en öldungaráðið sjálf kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar. Þá getur ráðið tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt.

### **Greinagerð:**

Ástæður þessa eru lagabreytingar sem samþykktar voru á 148 löggjafabingi 2017-2018 um breytingar á félagsþjónustu sveitarfélaga. Lagabreytingar taka gildi þann 1. október n.k. og snúa meðal annars að stofnun öldungaráðs í sveitarfélögum.

Breytingin á lögnum sem snúa að öldungaráði er eftirfarandi;

2. mgr. 38. gr. laganna verður svohljóðandi:

*Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um öldrunarmál og þjónustu við aldraða, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Í öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrír fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrír fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um öldrunarþjónustu skulu viðkomandi sveitarfélög og félög eldri borgara á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu öldungaráðs.*

Öldungaráð bendir á að í Reykjavík eru starfandi fleiri en eitt félag eldri borgara og mikilvægt að fleiri aðilar en félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni geti tilnefnt fulltrúa í öldungaráð.

Þannig verði gert ráð fyrir í nýrri samþykkt að auk lögbundina þriggja fulltrúa frá Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verði tilnefndur einn fulltrúi frá Samtökum aldraðra og einn fulltrúi frá Korpúlfum auk varamanna.

Þannig verði tekið tillit til annara félagasamtaka eldri borgara sem starfa í Reykjavík til þess að endurspeglar sjónarmið allra þeirra félagasamtaka sem vinna að hagsmunum hópsins.